



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í kvöldverði lögmanns Færeyja
Askels V. Johannesens
Þórshöfn
17. maí 2017**

Kæri lögmaður,
ráðherrar, þingmenn, sendiherrar
aðrir góðir gestir!

Ég þakka fyrir hinar góðu móttökur sem við Eliza og föruneysi okkar hefur notið hér í Færeyjum. Við höfum þegar farið víða, kynnst hinni einstöku náttúrufergurð eyjanna og hlýhug fólksins sem byggir þær. Af samtölum mínum við landa hér hef ég fundið og heyrt hve vel Íslendingum líður í Færeyjum, hve vel þeim er almennt tekið.

Mér er heiður að því að segja að okkur virðist svipa til ykkar Færeyinga um margt - þar er ekki leiðum að líkjast svo gripið sé til íslensks orðtaks. Vissulega gildir það þó um okkur eins og ykkur, að fólk er ekki allt stept í sama mót og þannig á það að vera. Í þroskuðu og traustu lýðræðissamfélagi eiga allir að geta alið eigin drauma, sett sér eigin markmið, látið eigin skoðanir í ljós og hagað lífi sínu eins og hver kýs, svo lengi sem fólk veldur öðrum ekki skaða. Víðsýni, umburðarlyndi og fjölbreytni eiga að vera aðalsmerki nútímasamfélags, „að hver lifði sem vildi“ eins og segir í Færeyinga sögu.

Samt er það nú svo að þegar við virðum hvorir aðra fyrir okkur þykjumst við sjá viss þjóðareinkenni, eitthvað sem lýsir fólkinu öllu. Þannig hafið þið Færeyingar löngum kallað okkur Íslendinga „jáara“ enda segjum við sýknt og heilagt já og jæja, já já, og jááá. Færeyingum virðast við Íslendingar líka vera jákvæðir að upplagi. Fyrir skemmstu las ég þessa lýsingu Færeyings á grönnum sínum: „Mér hefur alltaf þótt Íslendingar vera nýjungagjarnir, svalir, djarfhuga, háfleygir en þó jarðbundnir. Þeir eru stoltir, vinna mikið og eru þrjóskir, og svo hefur mér alltaf fundist þeir hafa ofurhuga í sér því þeir þora að leggja allt undir, þora að detta, en standa alltaf upp aftur.“

Já, auðvitað þykir okkur vænt um hól af þessu tagi. Á hinn bóginn megum við ekki gleyma hinum gamla góða málshætti, að vinur sé sá sem til vammis segir. „Það skrítna við Íslendinga er,“ sagði einn Færeyingur nýlega, „að það er eins og þeim líði vel í einhverri jójó-tilveru. Fulla ferð upp og eins hratt niður.“ Já, kannski erum við frekar „jó-jóarar“ heldur en „jáarar“ þegar vel er að gáð.

En hvað með ykkur, Færeyingar góðir? Hvað segja Íslendingar um granna sína? Í Færeyingasögu, sem skráð var á Íslandi á þrettánda öld segir af mörgum hetjum. Þrándur í Götu, sem streittist á móti veldi og skattheimtu Noregskonungs, var „rauður á hár og freknóttur í andliti, fríður sýnum“. Fjandi hans og liðsmaður konungs, Sigmundur Brestisson, var „frágjörðamaður á vöxt og afl og alla atgjörvi“.

Já, við höfum lengi lofað ykkur Færeyinga. Um okkar daga höfum við líka dáðst að því hve vel þið hafið haldið við gömlum húsum og látið nýbyggingar falla vel að umhverfi sínu. Að sama skapi höfum við öfundað ykkur af því að hafa haldið á lífi fornum kvæðum, þjóðdönsum og þjóðlegum klæðnaði. Hér er borin virðing fyrir sögu og menningararfi.

Og gælunafn eigum við um ykkur! Eldri kynslóðin heima átti það að minnsta kosti til að kalla ykkur „negva“ því fólki heyrðist þið segja „nógv“ í öðru hverju orði. Í einu Reykjavíkurblaðinu var líka sagt um miðja síðustu öld að það væri svo votviðrasamt hér í Færeyjum – að Færeyingar væru svo óvanir brakandi þerri – að þeir fengju kvef og kveisu ef þeir væru heilan dag þurrir í fæturna.

Þá gætti þess víst aðeins fyrr á tíð að Íslendingum þættu Færeyingar ekki eins kappsamir og þeir sjálfir, ekki eins miklir „jó-jóarar“ skulum við bara segja. Mér skilst að sumir Færeyingar séu sama sinnis og telji að Íslendingar gætu kennt þeim „aukið áræði“ eins og einn íbúi hér komst að orði. Hún bætti að vísu við, sem rímar við það sem ég sagði áðan, að „Færeyingar gætu kennt Íslendingum að fá smá jarðsamband annað slagið.“

Já, en kæru vinir: Eigi ég að draga saman í fáum orðum hvernig Íslendingar lýsa ykkur Færeyingum þá yrði það best svona: „Þeir eru vinir okkar.“ Þann vinarhug hafið þið margoft sýnt. Í gær virtum við Íslendingarnir fyrir okkur nýtt minnismerki hér í Þórshöfn, sem gert er af Jóni Sigurpálssyni, gjöf Súðavíkurrepps og Ísafjarðarbæjar í þakklætisskyni fyrir stuðning ykkar og vinarþel eftir snjóflóðin sem féllu á þorpinn Súðavík og Flateyri árið 1995. Féð sem þið létuð af hendi rakna var okkur mikils virði en ég segi þó eins og Gunnar á Hlíðarenda forðum, að góðar þyki mér gjafir ykkar en meira þyki mér vináttan verð.

Hinu vil ég líka bæta við að ekki þykir mér skorta á áræðni í þessu samfélagi. Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson, forverar mínir í

embætti forseta, sóttu Færeyjar heim á sinni tíð. Þau lofuðu bæði dugnað og harðfylgi Færeyinga og það geri ég sömuleiðis. Í viðræðum um sameiginlega fiskistofna á Norður-Atlantshafi finnst okkur Íslendingum reyndar á stundum nóg um kappsemina í Færeyingum en það er önnur saga!

Kæru vinir! Hér má fólk horfa björtum augum fram á veg, framtíðin bíður með öllum sínum kostum, áskorunum og draumum um fagurt mannlíf þar sem hver nýtur sín í góðri sambúð við aðra. Ég bið ykkur að rísa úr sætum, lyfta glasi og skála fyrir bræðra- og systraþeli Íslendinga og Færeyinga, öflugra vinaþjóða í útnorðri.